



AKUREYRARBÆR, MIÐBÆR - DEILISKIPULAG

BREYTING Á SKILMÁLUM DEILISKIPULAGS, 25. MARS 2015



Deiliskipulagsuppráttur Akureyri – miðbær



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 (hluti uppdráttar)

Breytingar á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi varðar texta í kafla 5.3 Hönnun og uppdrættir. Breytingin felst m.a. í því að allar breytingar sem sótt er um innan skipulagsmarkanna, hvort sem þær eru í formi nýbygginga, viðbygginga eða breytinga á eldra húsnæði er varðar innra skipulag, form eða útlit, fari fyrir skipulagsnefnd áður en skipulagsstjóri gefi út byggingarleyfi.

Fyrir breytingu:

5.3 Hönnun og uppdrættir

Fjölbreytni er talsverð á skipulagssvæðinu. Hús eru af öllum stærðum og gerðum og spannar byggingarsaga þeirra um 100 ár. Nýbyggingar á skipulagssvæðinu verða margar og flestar talsvert áberandi í bæjarmynd Akureyrar. Hluti þeirra mun skapa ásýnd bæjarins frá höfninni. Því er lögð rík áhersla á vandaða hönnun, bygginga bæði hvað varðar innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð, nútímaleg byggingarlist þar sem fléttast saman notagildi, tæknileg gæði, hagkvæmni, vandað útlit og formfegurð.

Sökum þess fjölbreytileika sem áður er minnst á eru engar almennar kvaðir um húsagerð, efni, liti og þessháttar. Þó eru settar fram sértækar kröfur þar sem það á við og þeirra þá getið sérstaklega undir kafla um viðkomandi lóðir.

Áður en aðaluppdrættir eru lagðir fram skal leggja fram forteikningar, m.a. þrívíðar sem gefa með greinargóðum hætti grein fyrir ofantöldum atriðum.

Skipulagsnefnd skal meta þessa hluti sérstaklega áður en hún leyfir framlagningu aðaluppdrátta. Heimilt er að hafna afgreiðslu aðaluppdrátta sem ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti.

Vakin er athygli á byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjastjórn 12. júní 2001.

Við hönnun byggingar skal gengið út frá reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Nýbyggingar skulu taka fullt tillit til og kallast á við eldri byggð hvað varðar stærðir, hlutföll, form og efnisval eftir því sem við á, hvort heldur um er að ræða nútímalega byggingarlist eða byggingar í gömlum stíl. Nýbyggingar skulu virða megindrætti umhverfisins og falla vel inn í heildarmyndina.

Eftir breytingu: (breyttur texti er rauðmerktur)

5.3 Hönnun og uppdrættir vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldra húsnæði

Fjölbreytni er talsverð á skipulagssvæðinu. Hús eru af öllum stærðum og gerðum og spannar byggingarsaga þeirra um 100 ár. Nýbyggingar á skipulagssvæðinu verða margar og flestar talsvert áberandi í bæjarmynd Akureyrar. Hluti þeirra mun skapa ásýnd bæjarins frá höfninni. Því er lögð rík áhersla á vandaða hönnun, bygginga bæði hvað varðar innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð, nútímaleg byggingarlist þar sem fléttast saman notagildi, tæknileg gæði, hagkvæmni, vandað útlit og formfegurð.

Sökum þess fjölbreytileika sem áður er minnst á eru engar almennar kvaðir um húsagerð, efni, liti og þessháttar. Þó eru settar fram sértækar kröfur þar sem það á við og þeirra þá getið sérstaklega undir kafla um viðkomandi lóðir.

Allar umsóknir um byggingarleyfi innan marka deiliskipulagsins sem varða útlit, form, eða innra skipulag, skulu lagðar fyrir skipulagsnefnd sem metur þessa hluti sérstaklega áður en hún leyfir framlagningu aðaluppdrátta.

Áður en aðaluppdrættir vegna nýbygginga eru lagðir fram skal leggja fram forteikningar, m.a. þrívíðar sem gefa með greinargóðum hætti grein fyrir ofantöldum atriðum. Ekki er þörf á slíku þegar um er að ræða viðbyggingu eða breytingar á formi eða útliti á eldra húsnæði.

Allar breytingar á friðuðum húsum og húsum eldri en 100 ára og nánasta umhverfi þeirra, eftir því sem við á, eru háðar samþykki Minjastofnunar Íslands.

Heimilt er að hafna afgreiðslu aðaluppdrátta sem ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti.

Vakin er athygli á byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjastjórn 12. júní 2001.

Við hönnun byggingar skal gengið út frá reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Nýbyggingar skulu taka fullt tillit til og kallast á við eldri byggð hvað varðar stærðir, hlutföll, form og efnisval eftir því sem við á, hvort heldur um er að ræða nútímalega byggingarlist eða byggingar í gömlum stíl. Nýbyggingar skulu virða megindrætti umhverfisins og falla vel inn í heildarmyndina.

Fyrir utan breytingar þessar gildir greinargerð deiliskipulags „Akureyri – miðbær“ sem öðlaðist gildi 22. júlí 2014.

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslagu nr. 123 /

2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 7.april 2015



Bæjarstjóri Akureyrar



Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann 22.april 2015

